

Hallur Simonarson

Bjarkarlæk
806 SELFOSSI

Netfang: hallur.simonarson@gmail.com

Selfossi
06.02.2026

**Efni: Vegna umsóknar um nýjan héraðsveg að bænum Bjarkarlæk (L224049) í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Vegagerðinni barst umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Bjarkarlæk í Grímsnes- og Grafningshreppi, dags 31.05.2021.

Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, þar sem fram kemur að:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Í umsókninni kemur fram að sótt er um héraðsveg á grundvelli þess að skilyrði laganna um býli, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna sé uppfyllt og hefur eftirfarandi gögnum verið skilað því til stuðnings:

- Vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu
- Staðfesting sveitarfélags á fastri búsetu
- Staðfestur deiliskipulagsuppráttur
- Samþykki landeigenda um að vegur sem liggur um hans land verði héraðsvegur

Með bréfi, dags. 5. ágúst 2021, var umsóknin samþykkt. Þar kom fram að eftir vettvangsskoðun í júní 2021 hafi Vegagerðin áætlað að kostnaður vegna framkvæmda við veginn yrði 2,9 m.kr. Vegagerðin upplýsti að stofnunin myndi greiða helming kostnaðar við framkvæmdina en áskildi sér þó rétt til að hafna greiðslu umfram kostnaðaráætlun sína. Uppgjör skyldi þá miðast við kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar nema sýnt væri fram á að með fullnægjandi hætti að umfram kostnaður hafi verið óhjákvæmilegur.

Líkt og fram kom í samþykki umsóknarinnar er endurgreiðsla helmings kostnaðar háð því að fjárveiting til verksins liggja fyrir innan Vegagerðarinnar.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar fresti þó ekki færslu vegarins á vegaskrá. Að framkvæmdum loknum skyldi verkið tekið út af hálfu Vegagerðarinnar og væri það forsenda fyrir því að vegur verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Starfsmaður Vegagerðarinnar fór í lokaúttekt á veginum að Bjarkarlæk í janúar sl. og uppfyllir vegurinn öll skilyrði sem Vegagerðin setti.

Niðurstaða: Umsókn um nýjan héraðsveg að Bjarkarlæk, í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið samþykkt og verður vegurinn færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Þegar reikningar hafa verið yfirfarnir og samþykktir og fjárheimild liggur fyrir mun starfsmaður Vegagerðarinnar senda umsækjanda tölvupóst á netfangið hallur.simonarson@gmail.com með upplýsingum um verknúmer sem tilgreina skal á reikningi vegna samþykkrar kostnaðarhlutdeildar sem senda skal til Vegagerðarinnar.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent á sveitarfélagið: gogg@gogg.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Elín Fjóla Þórarinsdóttir
Sérfræðingur tæknideild

Skjalið hefur verið undirritað rafrænt

Vegagerðin